

Föstudaginn 13. nóv. 1931.

Nr. 35/1931. **Réttvísni** (Lárus Jóhannesson)

gegn

**Steingrími Þorkelssyni, Karli Þorsteinssyni, Hjálmtý Guðvarðssyni**

(Theódór B. Líndal)

**og Halldóri Jónssyni**

(Sveinbjörn Jónsson).

**Innbrotspjófnaður.**

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. febr. 1931: Ákærður, Halldór Jónsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í þessu máli.

Ákærður, Steingrímur Þorkelsson, sæti betrunarhússvinnu í 14 mánuði og greiði Gunnlaugi kaupmanni Fossberg 5320 krónur í skaðabætur, með 6% ársvöxtum frá 7. júní f. á. að telja.

Ákærður, Hjálmtýr Guðvarðsson, sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði og greiði Gunnlaugi kaupmanni Fossberg 80 krónur með 6% ársvöxtum frá 7. júní að telja. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður, ef ákærður greiðir ídæmdar skaðabætur innan tilsetts tíma. nema hann innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Ákærður, Karl Þorsteinsson, sæti betrunarhússvinnu í 12 mánuði.

Ákærðu greiði hver um sig kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt, en ákærður Steingrímur og Karl og Hjálmtýr in solidum allan kostnað sakarinnar.

Ídæmdar skaðabætur greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar eftir ósk hinna ákærðu, Steingríms Þorkelssonar og Karls Þorsteinssonar, en af réttvísinnar hálfu einnig

að því, er snertir hina ákærðu, Hjálmtý Guðvarðsson og Halldór Jónsson.

Ákærði, Halldór Jónsson, hefir viðurkennt, að hann í októbermánuði f. á., hafi keypt af ákærða Karli Þorsteinssyni 4—4½ þúsund af vindlingum (cigaretturnum) og 4 tíu punda kassa af súkkulaði. Telur hann, að Karl hafi venjulega komið með ½ þúsund af vindlingum í einu, en tvisvar hafi hann komið með eitt þúsund í einu, hefir hann þannig keypt 6—7 sinnum í sama mánuði vindlinga af Karli. Þótt þessar tíðu ferðir Karls til ákærða hefðu átt að vekja hjá honum grun um, að vörur þær, er Karl hafði á boðstólum, væru stolnar, ekki sist þar sem hann bauð þær til sölu fyrir töluvert lægra verð en þær voru fáanlegar fyrir í heildsölu, þykir þó varhugavert gegn eindreginni neitun ákærða að telja hann sannan að sök um brot á 240 gr. hinna almennu hegningarlaga, og verður því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er sýknu ákærða, Halldórs Jónssonar snertir og greiðast málf lutningslaun talsmanns hans í hæstarétti, 100 kr., úr ríkissjóði.

Við framhaldspróf, er haldin hafa verið í máli þessu, eftir að dómur gekk í því í héraði, hefir ákærði, Karl Þorsteinsson, tekið aftur játningu sína um meðverknað í ýmsum innbrotum meðákærða Steingrims Þorkelssonar, en þar sem þessi nýi framburður, sem er í beinni andstöðu við margítrekaðar játningar ákærða í hinni fyrri rannsókn málsins, styðst ekki við neitt, er fram er komið í málinu, verður þessari afturköllun ekki gaumur gefinn.

Afbrot ákærða, Steingrims Þorkelssonar, heyrir undir 6. og 7. gr. laga nr. 51, 7. maí 1928, sbr. 231. gr. 4. lið hinna almennu hegningarlaga, og þykir

refsing hans með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 18 mánaða betrunarhússvinna.

Afbrot ákærða, Karls Þorsteinssonar, heyrir undir 6. og 7. gr. laga nr. 51, frá 1928, sbr. 231. gr. 4. lið hinna almennu hegningarlaga, svo og undir 55. og 56. gr. hegningarlaganna og ákveðst refsing hans með hliðsjón af 63. gr. sömu laga 12 mánaða betrunarhússvinna.

Afbrot Hjálmtýs Guðvarðssonar heyrir undir 6. og 7. gr. laga nr. 51, frá 1928, sbr. 231. gr. 4. lið hinna almennu hegningarlaga og ákveðst refsing hans með tilliti til 63. gr. hinna almennu hegningarlaga 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og skal samkvæmt heimild 1. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 fullnustu refsingarinnar frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum.

Um greiðslu skaðabóta til Gunnlaugs kaupmanns Fossberg verður eigi dæmt í máli þess, með því að það sést eigi af prófum málsins, að hinum ákærðu, Steingrими Þorkelssyni og Hjálmtý Guðvarðssyni, hafi verið gerð kunn skaðabótakrafa þessi, og hennar er hvergi getið í málshöfðunartilkynningu undirdómarans til hinna ákærðu eða í aukaréttarstefnunni.

Ákærðu, Steingrímur Þorkelsson og Karl Þorsteinsson, greiða hvor um sig varðhaldskostnað sinn og in solidum  $\frac{3}{4}$  hluta af kostnaði málsins í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda þeirra í hæstarétti, er ákveðast 200 kr. til hvors.

Ákærði, Hjálmtýr Guðvarðsson, greiði varðhalds-

kostnað sinn og  $\frac{1}{4}$  hluta af kostnaði málsins í héraði og hæstarétti.

Við rannsókn málsins er það að athuga, að enginn af mönnum þeim, er stolið hefir verið frá nema Gunnlaugur Fossberg, hefir verið leiddur sem vitni til þess að fá skýrslu þeirra fyrir rétti um það hvað frá þeim hefir verið stolið til samanburðar við framburð hinna ákærðu, og verður að vita þetta.

D v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Ákærði, Halldór Jónsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu og greiðast málf lutningslaun talsmanns hans í hæstarétti, málf lutningsmanns Sveinbjörns Jónssonar, 100 kr., úr rikissjóði.

Ákærði, Steingrímur Þorkelsson, sæti 18 mánaða betrunarhússvinnu.

Ákærði, Karl Þorsteinsson, sæti 12 mánaða betrunarhússvinnu.

Ákærði, Hjálmtýr Guðvarðsson, sæti 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum. Hann greiði varðhaldskostnað sinn og  $\frac{1}{4}$  hluta af kostnaði málsins í héraði og hæstarétti.

Ákærðu, Steingrímur Þorkelsson og Karl Þorsteinsson, greiði hvor um sig varðhaldskostnað sinn og in solidum  $\frac{3}{4}$  hluta af kostnaði málsins í héraði og hæstarétti, þar með talin

málflutningslaun sækjanda og verjanda þeirra í hæstarétti, málflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Theódórs Líndal, 200 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Steingrímur Þorkelssyni, Grettisgötu 20 c, Karli Þorsteinssyni, Grettisgötu 20 c, Hjálmtýr Guðvarðssyni, Frakkastíg 13, og Halldóri Jónssyni, Barónsstíg 25, fyrir brot gegn ákvæðum 23. kapitula alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina. Nóttina á milli 4. og 5. nóvember kl. 1½ komu tveim menn á lögreglustöðina, og sögðu frá því, að þeir hafi þá fyrir skemmstu gengið fram hjá sölubúð Silla og Valda á Laugaveginum og heyrðu þeir þá brothljóð, líkt því sem brotin væri rúða á bakhlið hússins. Fóru þeir að hyggja að þessu, og sáu stórt gat á rúðu í glugga í vörugeymslunni. Er þeir komu út á Laugavegin aftur, þá sáu þeir mann hlaupa þvert yfir Laugavegin. Lögreglan brá samstundis við, fór á staðinn, náði í búðarmanninn hjá Silla & Valda til þess að opna búðina. Er þeir komu í herbergi innar af búðinni, hittu þeir fyrir mann, nokkuð ölvaðan. Var hann með tunnupoka nærri hálfan af cigarettum og vindlakössum, sem hann hafi tekið úr hyllum í búðinni. Maður þessi var ákærður Steingrímur Þorkelsson og viðurkenndi hann að hafa brotízt inn um gluggann. Hann var þegar í stað settur í gæzluvarðhald.

Var nú samstundis hafin rannsókn í máli þessu og upplýstist það, sem hér fer á eftir.

I. Ákærður *Steingrímur Þorkelsson*, hefir viðurkennt, að hafa fyrir utan innbrotið hjá Silla & Valda framið eftirtalda þjófnaði.

a) Laugardaginn fyrir hvítasunnu í vor fór hann inn í verzlun G. J. Fossberg í Hafnarstræti hér. Atvikaðist það þannig, að hann hitti ákærðan, Hjálmtýr, á götu umrætt kvöld, og talaði Hjálmtýr um það að sig vantaði cigarettur. Datt ákærðum þá í hug að fara inn í verzlun Fossberg, meðfram í þeim tilgangi til þess að ná sér í vín, ákærður hafði fyrir nokkrum árum verið sendisveinn hjá Fossberg og vissi að Fossberg var stundum vanur að eiga vín á skrifstofu sinni. Ákærður hafði lykिल að búð Fossbergs síðan hann var sendisveinn þar, og geymdi lykिलinn alltaf vegna þess að hann gekk að útidyrnunum hjá stjúpum hans, þar sem hann hafði búð. Klukkan rúmlega 11, þetta kvöld fóru ákærður svo inn, opnaði ákærður, Steingrímur, búðardyrnar með lykli sínum. Ekkert vín fundu þeir í skrifstofunni. En ákærður Hjálmtýr tók peningakassa, sem stóð á hyllu fyrir ofan skrifborðið og hélt á honum út. Einnig tóku þeir úr peningaskúffu í búðinni, allt sem í henni var, tíu krónur og eitthvað af smápeningum. Fóru þeir síðan út og lokuðu búðinni á eftir sér. Fyrir utan tók ákærður, Steingrímur, við kassanum, fór með hann heim til sín, en skildi við Hjálmtýr. Þegar ákærður var kominn heim til sín, þá sprengdi hann upp kassann og kom þá í ljós að í honum voru um 5400 krónur í peningum. Ákærði tók alla seðla, sem í kassanum voru og gróf þá niður í moldargólf í skúr heima hjá sér. Lét ákærður Hjálmtý ekkert um þá vita. Daginn eftir skiptu ákærðir á milli sín krónupeningunum, sem voru í kassanum. Ákærður heldur því fram, að Hjálmtýr hafi fengið í sinn hlut 2—300 krónur, en sjálfur kveðst Hjálmtýr ekki hafa fengið nema 80 krónur. Fóru ákærðir síðan með peningakassann suður í Eskihlíð og hentu honum þar. Þar fannst kassinn eftir tilvisun ákærða og hefir verið afhentur Fossberg. Var í honum allt, sem í honum átti að vera, annað en peningarnir.

Öllum þessum peningum eyddi ákærður á mjög skömmum tíma í fylliri og slark.

b) Þá hefir ákærður játað, að hafa farið inn í útibú verzlunarinnar Liverpool á Laugavegi 49. Fór hann inn um glugga baka til, kveður hafa verið búð að brjóta rúðuna, svo hann þurfti ekki annað en að pilla burtu nokkur rúðubrot. Þessi þjófnaður var tilkynntur lögreglunni, sem framinn nóttina milli 3. og 4. ágúst síðastliðinn. Þar stal ákærð-

ur töluvert miklu af cigarettum, sem hann setti í poka og fór með út. Einnig stal hann peningum úr skúffunni, sem var ólæst, samkv. tilkynningu til lögreglunnar, áttu að vera í henni milli 60—70 krónur. Meðákærður Karl Þorsteinson beið fyrir utan á götunni meðan ákærður var að ná þessu. Fóru þeir síðan með þýfið heim til sín, en Karl kom því í peninga.

c) Þá hefir ákærður játað, að hafa nóttina milli 8. og 9. ágúst s. l. brotist inn í Hafnarbúðina í Varðarhúsinu og verzlun Einars O. Malmberg. Hafnarbúðina dirkaði ákærður upp með þjófalykli, sem hann hafði á sér. Þar stal hann cigarettum, sokkum, sælgæti, eitthvað af skiptimynt og eitthvað af útlendum peningum. Í verzlun Malmberg fór ákærður inn á þann hátt, að hann braut rúðu vestan á skrifstofuglugganum og skreið inn um gluggann. Þar stal ákærði úr peningaskúffunni því, sem í henni var af skiptimynt, en skúffan var ólæst. Ákærður fór einnig í peningakassa, sem var í skrifstofu inn af búðinni og tók það sem í honum var, ca. 50 kr., og annað eins í útlendum peningum. Lykillinn að kassa þessum stóð í skránni. Útlendu peningunum skipti ákærður í búðum hér og þar í bænum. Ákærður var einn um bæði þessi innbrot, en sagði meðákærðum Karli frá innbrotinu í Hafnarbúðina síðar. Innbrot þessi voru bæði tilkynnt lögreglunni 9. ágúst. s. l.

d) Þá hefir ákærður játað, að hafa farið inn í verzlun Valdimars Gíslasonar á Hverfisgötu 37. Fór ákærður inn um hálf opinn glugga á bakherbergi tilheyrandi verzluninni, tók þar mikið nokkuð af skiptimynt úr peningaskúffunni, sem var ólæst, einnig tók hann mikið af cigarettum sem hann tróð á sig og stakk í vasa sinn. Meðákærður Karl beið fyrir utan meðan þetta gerðist. Þessi þjófnaður var tilkynntur lögreglunni, framinn milli 27. og 28. júlí s. l. Ákærður hefir viðurkennt, að hafa einnig farið inn í þessa sömu verzlun, ásamt meðákærðum Hjálmtý, um líkt leyti og þeir frömdu innbrotspjófnaðinn hjá Fossberg. Fóru þeir þá einnig inn á sama hátt og áður, um hálfopinum glugga, og stálu þar cigarettum og sælgæti. Þessi þjófnaður hefir ekki verið tilkynntur lögreglunni.

e) Þá hefir ákærður játað, að hafa brotist inn í fiskhús h/f Dvergs á Bráðræðisholti. Þar braut hann rúðu úr glugga á skrifstofuherberginu og skreið inn. Ákærður vissi

að peningar voru geymdir í skrifborði á skrifstofunni, því að hann hafði fengið peninga þar útborgaða skömmu áður. Etlaði ákærður, að opna skrifborð þetta með lykli, sem hann var með á sér, en braut lykilinn. Hvolfdi ákærður því skrifborðinu, braut botninn úr skúffu þeirri, sem peningarnir voru í, og tók þaðan nokkur umslög með samtals 60—70 krónum í. Ákærður var einn um þetta innbrot. Samkvæmt tilkynningu til lögreglunnar var það framið nóttina milli 31. júlí og 1. ágúst í sumar.

f) Þá hefir ákærður játað, að hafa stolið peningakassa frá Bergi Einarssyni sútara á Vatnssstig 7, kassanum náði ákærður á þann hátt, að hann braut rúðu í skrifstofuglugganum niðri, sunnanvert á húsinu, tók síðan ölkassa úr portinu frá Ingvari Pálssyni, kaupmanni, Hverfisgötu, fór upp á kassan og seildist inn um gluggann og náði í kassann. Kassann fór ákærður með heim til sín og braut hann upp og voru í honum tæpar 100 krónur. Meðákærði Karl stóð á verði meðan ákærður hafðist þetta að. Síðan fóru þeir báðir með kassann suður í Eskihlíð og fleygðu honum þar, en hann hefir ekki fundizt. Samkvæmt tilkynningu til lögreglunnar var þessi þjófnaður framinn nóttina milli 12. og 13. ágúst s. l.

g) Þá hefir ákærður játað, að hafa brotizt inn í grjótmulningsstöð bæjarins við Laugaveg. Braut hann rúðu úr glugga niðri og fór inn um gluggann. Er hann var kominn inn um gluggann, fór hann inn í ólæsta kompu. Sprengdi yfirh. upp skrá sem þar var, fór þar í ólæstan peningaskáp, tók úr honum alla peninga. Einnig tók hann peninga, sem voru í umslögum í ólæstri borðskúffu þarna. Þetta var samtals 270 krónur. Karl stóð fyrir utan meðan ákærður hafðist þetta að, þeir skiptu fénu á milli sín. Ákærðir höfðu unnið þarna áður, og vissu því að þarna voru geymdir peningar. Samkvæmt tilkynningu til lögreglunnar var þessi þjófnaður framinn nóttina milli 12. og 13. september s. l.

h) Þá hefir ákærður játað, að hafa sama kvöldið í haust farið inn í smiðju á Bergþórugötu 10, og Mjólkurbú Ölvesinga á Grettisgötu 28. Inn í smiðjuna fór ákærður á þann hátt, að hann braut tvær rúður úr einum glugganum og grindina á milli þeirra og skreið inn. Þar stal ákærður um 30 sviðahausum. Var Karl fyrir utan að vanda og bar svið-

in með ákærðum heim. En ákærður fór inn í Mjólkurbú Ölvesinga á þann hátt, að hann vikkaði út örlítið gat sem var í rúðunni í dyrunum, smeygði hendinni inn, og opnaði smekklásinn. Þar tók ákærður ost og smjörliki og peninga, að upphæð kr. 9,35 úr borðskúffunni, sem var ólæst. Ákærður var einn um þetta innbrot. Bæði þessi innbrot voru tilkynnt lögreglunni 16. október s. l.

i) Þá hefir ákærður játað, að hafa farið tvisvar inn í búð og svefnherbergi Jóns Hanssonar, sem er inn af búðinni á Lindargötu 8, portið við húsið var opið í bæði skiftin. Í fyrra skiftið fór ákærður inn í ólæsta geymslukompu, en inn af henni er svefnherbergi Jóns. Á rúminu í svefnherberginu voru 4 portvinsflöskur, tók ákærði flöskur þessar, en ekkert annað í það sinn. Karl var með honum að þessu. Nokkrum dögum síðar fóru þeir saman aftur. Karl beið, en ákærður fór inn í herbergið til að leita að víni, en fann ekkert. Tók ákærður þar þá einn spegil og eitt hvað af cigarettum. Þessir þjófnaðir voru tilkynntir lögreglunni 27. október s. l. Jóni Hanssyni hefir verið afhentur spegillinn, sem tekinn var heima hjá ákærðum.

j) Þá hefir ákærður játað, að hafa farið þrisvar sinnum inn í konfektbúðina í Austurstræti 5. Fór hann einu sinni snemma í vor þar inn ásamt meðákærðum Hjálmtý. Brutu þeir glugga baka til, skriðu inn og stálu þar cigarettum, confekti og einhverju af peningum. Í hin tvö skiftin var ákærður einn að verki, fór hann inn á sama hátt með því að brjóta rúðu bakdyramegin og skriða þannig inn. Stal hann þá cigarettum og confekti. Meðákærður Karl var í vitorði með ákærðum um þessi innbrot. Aðeins eitt þessara innbrota hefir verið tilkynnt lögreglunni hinn 16. október s. l.

k) Þá hefir ákærður játað, að hafa brotízt inn í verzlun Guðmundar Hafliðasonar á Vesturgötu 52. Atvikaðist það þannig, að ákærður var í fermingarveizlu vestur í Selbrekkum ásamt meðákærðum Karli. Var þar veitt vín og kvaðst ákærður hafa verið orðinn fullur, en ekkert var til að reykja. Brá ákærður sér þá burt úr veizlunni án þess að nokkur vissi, braust inn í áðurnefnda verzlun á sinn venjulega hátt þannig, að hann braut rúðu bakdyramegin og fór inn um gluggann. Setti hann í póka 2—4 mille af cigarettum og tók úr ólæstri peningaskúffu milli 40—50

krónur í peningum. Er hann kom út skildi hann pokann eftir bak við mjólkurbúð á Vesturgötu 50, en fór síðan aftur í gildið. Varð ákærður síðan Karli samferða heim úr gildinu og sagði honum af þessu, og fóru þeir með þýfið heim til sín.

Nokkuð af þýfi þessu fannst við hútleit heima hjá ákærðum og var skilað aftur til eigandans. Þetta innbrot var tilkynnt lögreglunni hinn 3. nóv. s. l.

l) Þá hefir ákærður játað það, að hafa sama kvöldið, ákærður man ekki hvenær það var, hafa farið inn í Reykhúsið á Grettisgötu og verzlunina Austurhlið, Grettisgötu 38. Inn í Reykhúsið fór ákærður á þann hátt, að hann braut rúðu á dyrunum, og opnaði smekklásinn, þar stal ákærður pylsum, asium og sultutauskrukkum og fór með heim til sín.

Ákærður dirkaði hinsvegar upp dyrnar á verzluninni Austurhlið. Sprengdi hann þar upp peningaskúffuna og tók alla peningana sem í henni voru, en ekki er upplýst hve mikið það var. Einnig stal ákærður þar dálitlu af sælgæti og cigarettum. Karl var fyrir utan meðan að ákærður framdi bæði þessi innbrot, þau hafa ekki verið tilkynnt lögreglunni.

m) Þá hefir ákærður játað, að hann hafi brotitzt inn um glugga í lagergeymslu í húsinu Templarasundi 3. Stal hann þar 4 kössum af consumsúkkulaði og 1½ milli af cigarettum. Beið Karl fyrir utan á meðan og hjálpuðust þeir að því í félagi, að koma þýfinu heim til sín. Ákærður kveður meðákærðan Hjálmtýr hafa bent sér á, að þarna væri hægt að stela, og hefði hann sjálfur farið þar inn áður. En þessu hefir Hjálmtýr algerlega neitað. Þetta innbrot hefir ekki verið tilkynnt lögreglunni.

n) Loks hefir ákærður játað, að hafa framið tvö innbrot í Hafnarfirði. Annað innbrotið var framið í Kaupfélagi Hafnarfjarðar. Braut ákærður þar rúðu baka til og kom inn í skrifstofuna. Reyndi ákærður að opna peningaskáp sem var á skrifstofunni, með verkfærum, sem hann fann í búðinni. Hann gat ekki opnað skápinn en skemmdi hann eitthvað. Þá tók ákærði úr peningaskúffu í búðinni ca. 5 kr. í peningum og tók með sér tvo pakka af commander-cigarettum og eina lengju af súkkulaði. Ákærður var á balli í Hafnarfirði er þetta gerðist, framdi innbrotið klukkan að

ganga eitt um nóttina, en fór síðan aftur á ballið. Enginn var í vitorði með honum um þetta innbrot. Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni í Hafnarfirði var þetta innbrot framið aðfaranótt 21. sept. s. l. Nokkru áður framdi ákærður annað innbrot í Hafnarfirði. Meðákærður Karl var þá í vinnu í Keflavík, en kom til Reykjavíkur og fylgdi ákærður honum suður til Hafnarfjarðar. Kl. um 10½ um kvöldið fór ákærður inn í búð eina þar í Hafnarfirði, var þar bakari, nýlenduvöruverzlun og kjötbúð í sama húsinu. Fór ákærður þar inn um glugga baka til, sem var opinn og kom fyrst í kompu inn af bakariinu. Gekk síðan úr bakariinu inn í kjötbúðina og úr kjötbúðinni inn í nýlenduvörubúðina og voru ólæstar dyr á milli.

Á skrifstofunni inn af nýlenduvörubúðinni tók ákærður hált annað mille af cigarettum, og einnig tók hann nokkrar krónur í skiptimynt úr skúffu úr nýlenduvörubúðinni. Ákærði fór þarna út sömu leið og hann kom, og fór með þýfið til Rvíkur, og seldi meðákærður Karl þýfið síðar.

Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi ávalt verið undir áhrifum vins, er hann var að fremja þessi innbrot, og stundum mikið drukkinn.

II. Ákærður, Hjálmtýr Guðvarðsson, hefir játað á sig ólögmeitt athæfi það, sem hér fer á eftir. Í fyrra eða hitti fyrra kveðst hann hafa farið inn í turn í Íþróttavellinum, þar sem verzlauð var með sælgæti. Annað skiptið var turninn opinn upp á gátt og fór ákærður þar inn og tók tvo pakka af filcigarettum, tvo pakka af tyggegummi og eina maltölflösku. Tveim dögum síðar kom hann þarna aftur, var þá turninn læstur, tók þá ákærður fjöl og stakk undir hurðina að neðan, rak hendina inn með og náði í borðalakkris, tvo pakka af cigarettum og tyggegummi.

Næst stal ákærður þremur úrum úr úraviðgerðarverkstæði Guðna Jónssonar, Austurstræti 1. Atvikaðist það, á þann hátt, að klukkan að ganga 8 að morgni í vor, er ákærður var að fara til vinnu sinnar, fór hann inn í port bak við Austurstræti 1. Sá ákærður þá hálfopinn glugga á úrsmiðaverkstæðinu, og sá að ýmislegt dót lá á borðinu. Ákærður fór upp í gluggakistuna, og krækti með spitu þremur úrum til sin og seildist eftir þeim með hendinni. Ákærður fór með úrin niður í skúr, sem faðir hans átti við Skjaldborg, þaðan stal meðákærður Steingrímur úrum

Þessum og fór með þau heim til sín. Týndi svo meðákærður Karl einu af þessum úrum í fylliríi á Þingvöllum um alþingishátíðina, en hin tvö vísaði Steingrímur á heima hjá sér. Úr þessi voru afhent Guðna Jónssyni, sem upplýsti að þess þjófnaður hefði verið framinn 14. maí s. l.

Þá hefir ákærður játað, að hafa ásamt meðákærðum Steingrímí, farið inn í verzlun Valdimars Gíslasonar á sama hátt og áður er lýst undir I. d) hér að framan. Einnig hefir hann viðurkennt að hafa tvisvar brotízt inn í konfektbúðina í Austurstræti 5, annað skiptið einn, og komst þá inn á þann hátt, að gat var á rúðu á glugga baka til við og gat ákærður krækt upp gluggann gegnum gatið. Stal ákærður í þetta sinn cigarettum, sælgæti og súkkulaði-pökkum eins og hann gat komið á sig og eitthvað á 4 krónu í peningum. Í hitt skiftið var ákærður með meðákærðum Steingrímí, svo sem lýst hefir verið í I. j) að framan.

Þá fór ákærður með meðákærðum Steingrímí inn í verzlun Fossberg í Hafnarstræti á laugardaginn fyrir hvítasunu. Ber ákærðum saman um á hvern hátt þeir fóru inn í verzlunina, og var meining þeirra í fyrstu að ná í vin. Ákærður heldur því fram, að hann hafi ekki haft hugmynd um, hve mikið af peningum var í peningakassa þeim, sem þeir stálu, og kemur það heim við framburð Steingrímí. En ákærður heldur því fram, að er þeir skiptu á milli sín daginn eftir, því, sem ákærður vissi um að var í kassanum, þá hafi hann ekki fengið í sinn hluta nema 80 krónur, en Steingrímur kveður hann svo sem fyrr er sagt, hafa fengið 200 krónur.

III. Eins og lýst hefir verið hér að framan þá hefir ákærður, Karl Þorsteinsson, hvergi brotízt inn sjálfur. En hann hefir verið með ákærðum, Steingrímí, í allflestum innbrotum, sem hann framdi, staðið á verði á lengdar, og hjálpað honum oft til þess að koma þýfinu heim. Síðan kom hann þýfinu í peninga, seldi hinum og þessum kaupmönnum hér í bænum og víðar cigarettur og einum kaupmanni súkkulaði. Því sem inn kom fyrir sölu þýfisins, eyddu þeir venjulega í félagi, ákærður og meðákærður Steingrímur eða skiptu því jafnt á milli sín. Rétturinn lítur svo á, að um þau innbrot, sem Karl var á verði, sé hann aðalmaðurinn í brotinu engu síður en Steingrímur. Um

hin innbrotin fékk kærður að vita eftir á, kom þýfinu í peninga og naut góðs af því, svo þar er um eftirfarandi hlutdeild að ræða hjá honum. Annars verður ekki gert upp á milli þeirra Steingríms og Karls, hvor hafi verið hvatamaður innbrotanna virðist það hafa verið beggja vilji jafn að brjótast inn. Ákærður, Karl, seldi hverjum kaupmanni  $\frac{1}{2}$ —2 mille af cigarettum. Seldi hann þeim það lítið eitt undir innkaupsverði, og kvað hann engan þeirra, að einum undanskildum, hafa grunað að hér væri um stolinn varning að ræða. Nokkrir þessara kaupmanna hafa verið leiddir fyrir rétt út af þessu, hafa þeir borið, að þeir hafi ekki haft grun um að cigarettarnar væru stolnar, og hefir ekki þótt ástæða til að rengja þann framburð þeirra.

En einum kaupmanni meðákærðum, *Halldóri Jónssyni*, hefir ákærður selt mest, eftir því, sem næst verður komizt 4—4½ mille af cigarettum og 4 tiupundakassa af con-sumsúkkuladi. Gaf ákærður, Halldór, kr. 38.00 fyrir millið af cigarettunum, heildsöluverð er 42 krónur, en 3 krónur fyrir kílóíð af súkkulaðinu, heildsöluverðið er kr. 3.60 kílóíð. Ákærður, Karl, hefir haldið því fram, að einu sinni, er hann var að selja ákærðum, Halldóri, þá hafi hann spurt sig hvort óhætt væri að kaupa þetta. Það mundi vera stolið, kveðst Karl hafa sagt honum, að þetta væri að visu stolið, en það væri drengur, sem væri í smásöluverzlun og heildsöluverzlun, sem tæki þetta smátt og smátt, svo öllu væri óhætt. Þessum framburði hefir ákærður, Halldór, eindregið mótmælt. Hann kveðst aldrei hafa spurt hann hvar hann fengi þetta, kveðst hafa haldið að Karl fengi vörur þessar að láni hjá hinum og þessum og seldi það síðan undir verði. Öll þessi viðskipti þeirra í milli fóru fram í búð kærða í viðskiptatíma, fyrir utan  $\frac{1}{2}$  mille af cigarettum, sem Karl kom með heim til ákærða og seldi honum þar. En vitnin voru ekki til staðar, er viðskiptin áttu sér stað. Viðskipti hinna ákærðu voru ekki svo mikil og verð varanna ekki svo tiltakanlega lágt, að ákærðan, Halldór, þyrfti að gruna að vörur þær, sem Karl seldi honum væru teknar að ófrjálsu. Gegn ákveðinni neitun ákærða, Halldórs verður framburður ákærðs, Karls, um þetta efni eigi tekinn til greina, og ber því að sýkna ákærðan Halldór af ákæru réttvisinnar í þessu máli.

Iðgjaldskrafa hefir ekki komið fram frá öðrum en Gunnlaugi kaupmanni Fossberg. Hann gerir kröfu til að sér verði endurgreiddar 5400 krónur, sem voru í peningakassa þeim, sem tekinn var við innbrotið í búð hans 7. júní f. á. Einnig krefst hann 6% ársvaxta frá 7. júní s. l. að telja.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Steingrímur fæddur 27. september 1911, Karl fæddur 28. apríl 1900, Hjálmtýr fæddur 9. ágúst 1911. Þeim hefir ekki verið refsað áður fyrir nokkurt afbrot.

Framantalin afbrot ákærða, Steingríms Þorkelssonar, sem sat í gæzluvarðhaldi frá 5. nóv. til 17. dezember f. á., ber að áliti dómarans að heimfæra undir 231. grein 4. lið hegningarlaganna og 7. grein laga nr. 51, 1928, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið með hliðsjón af 63. grein, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 14 mánuði. Auk þess greiði hann Gunnlaugi kaupmanni Fossberg kr. 5320 með 6% ársvöxtum frá 7. júní f. á. að telja.

Framantalin afbrot ákærða, Hjálmtýs Guðvarðssonar, sem sat í gæzluvarðhaldi frá 7. til 15. nóvember f. á., ber að áliti dómarans að heimfæra undir 231. gr. 4. lið hegningarlaganna og 7. gr. laga nr. 51 1928, og þykir refsins sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 8 mánuði. Svo greiði hann Gunnlaugi kaupmanni Fossberg 80 krónur í skaðabætur, með 6% ársvöxtum frá 7. júní f. á. að telja.

En sakir æsku ákærða og góðra vitnisburða þykir mega ákveða að refsing hans skuli vera skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39 frá 16. nóv. 1907, ef hann greiðir iðdæmdar skaðabætur á tilsettum tíma.

Framantalið brot, ákærða, Karls Þorsteinssonar, sem sat í gæzluvarðhaldi frá 5. nóvember til 17. desember síðastliðinn, heyra að áliti dómarans undir 231. grein 4. lið, sbr. 55. gr., svo og 56. gr. hegningarlaganna, og þykir refsins sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 12 mánuði.

Ákærðu greiði hver um sig kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt, en ákærður, Steingrímur, Karl og Hjálmtýr, greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.